



Hreppsnefnd 25. janúar 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 25. jan. 2001 kl 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur K. Sigmarsson, oddviti, Alexander Árnason, Erla Runólfsdóttir og Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættur sveitarstjórinn Þorseinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundarins. Síðan var gengið til dagskrár.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 11. jan. sl.. Farið var yfir fundargerðina og var hún síðan samþykkt samhljóða
 2. mál. Fundargeð skólanefndar frá 17. jan. sl. Fundargerðin rædd og var talað um hvort setja eigi reglur um aldursmark barna á leikskóla. Búið er að ákveða að hækka leikskólagjöld frá og með 1. febr. Samþykkt.
 3. mál. Fundargerð félagsmálanefndar frá 4. jan. sl. Samþykkt.
 4. mál. Fundargerð bygginganefndar frá 17. jan. sl. Fundargerðin lög fram til kynningar.
 5. mál. Íbúðarlánasjóður, bréf dags. 15. jan. sl. varðandi lán til leiguíbúða 2001. Bréf frá Íbúðalánasjóði um að veitt hafi verið lán að fjárhæð kr.1.200.000,- til innlausnaríbúða sveitarfélagsins. Verði lánið ekki nýtt fyrir 31. des. 2001 fellur það niður.
 6. mál. Ódags. bréf þriggja skipsstjórnenda, varðandi hafnarmál. Bréf barst frá þremur skipstjórum, þeim Gunnari Tryggvasyni, Magnúsi Þorvaldssyni og Lárusi Grímsyni, þar sem þeir benda á ýmislegt sem þeir telja betur megi fara í framkvæmdum í höfninn Telja þeir að margt vinnist með því að innsiglingin verði fyrir innan Skiphólma, stærri skip komast að bræðslubryggju og flutningaskip geta með auðveldu móti komist inn í höfnina. Einnig fengist fyrirtaks viðlega við Ásgarð, fyrir flutningaskip, ef hann yrði tvöfaldaður.
- Mikil umræða var um þessar hugmyndir skipstjóranna. Samþykkt að vísa bréfinu til hafnarnefndar.
7. mál. Drög að nýjum kjarasamningi . Samþykkt að veita oddvita og sveitarstjóra umboð til að ljúka kjarasamningi milli VSVS og sveitarfélagsins.
 8. mál. Lánasjóður sveitarfélaga, bréf dag. 4. janl. sl. vaðandi lánsúmsóknir. Vegna lána til fjárfestinga og skuldbreytinga. Lagt fram til kynningar.
 9. mál. Ályktun varðandi betri útsendingarskilyrði Rúv. og Íslenska útvarpsfélagisn á Vopnafirði. Tillaga að ályktun: Mikið hefur borið á því að útsendingar útvarps og sjónvarps á Vopnafirði séu ekki nægjanlega góðar og ennfremur er of algengt að truflanir og jafnvel útsendingar rofni um lengri og skemmri tíma. Í tilenfi þess vill hreppsnefnd Vopnafjarðhrepps gera svofellda ályktun:
“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps vill koma því á framfæri til Ríkisútvarpsins og Íslenska útvarpsfélagisins að útsendingarskilyrði verði bætt til muna þannig að á Vopnafirði megi búa við svipuð útsendingarskilyrði og annars staðar á landinu. Óskað er eftir því að úrbætur í þessum efnun verði gerðar hið allra fyrsta.”
 10. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, Hafnarsjóðs og Félagslegra íbúða fyrir árið 2001. Síðari umræða. Framhaldsumræða um fjárhagsáætlun Vopnafjarðarherepps, Hanfarsjóðs og

Félagslegra íbúða. Sveitarstjóri hélt áfram við að skýra áætlunina.
Oddvit bar upp fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps. Samþykkt með 5 atkv.

Oddviti var upp fjárhagsáætlun hafnarsjóðs. 7 millj. þarf í lán. Samþykkt með 5 atkv.

Oddvit bar upp fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps.
Þannig samþykktar eru helstu stærðir:

- 1) Skatttekjur 164.670
- 2) Rekstrargjöld, nettó 123772
- 3) Rekstrarafgangur 40.898
- 4) Afborganir lána 21.000
- 5) Vextir 13.000
- 6) Eignfærð fjárfesting 5.200
- 7) Tekin ný lán 0
- 8) Hækkun á hreinu veltufé 3.416

Samþykkt með 5. atkv.

Oddviti var upp fjárhagsáætlun Hanfarsjóðs
Þannig samþykktar eru helstu stærðir:

- 1) Rekstrartekjur 21.209
- 2) Rekstargjöld 11.858
- 3) Reksrarafgangur 9.351
- 4) Vextir færðir fjármagnsyfirlit 2.000
- 5) Afborgun langtímalána 4.000
- 6) Fjárfestingar, nettó 9.700
- 7) Tekin ný lán 7.000
- 8) Hækkun á hreinu veltufé 593

Samþykkt með 5 atkv. Oddviti bar upp fjárhagsáætlun félagslegra íbúða Þannig samþykktir eru helstu liðir.

- 1) Rekstrartekjur 9.131
- 2) Rekstrargjöld 6.134
- 3) Rekstrarafgangur 2.997
- 4) Vextir færðir á fjármagnsyfirlit 4.500
- 5) Afborganir lána 5.500
- 6) Tekin ný lán 7.000
- 7) Hækkun á hreinu veltufé 55

Samþykkt með 5 atkv.

11. mál. Ýmsar fundargerðir og mál.

- a) Menningarstefna á Austurlandi, staða mála.
- b) Afrit af bréfi SSA frá 11. jan. sl. til Reykjavíkurborgar, varðandi Reykjavíkurflugvöll.
- c) Mótun nýs sveitarfélags. Fudnaargerð stjórnarsýsluhóps frá 8. jan. sl. og fundur fulltrúa sveitarfélaganna við þingmenn 17. jan. sl.
- d) Fundargerð 4 ársfundar samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, frá 2. nóv. 2000.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir a) lið. Sveitarstjóra og oddvita og varaoddvita var falið að taka þátt í mótun stefnunnar, og eftir fjarfund sem haldinn var í gær fengu þeir það fram að sérstök fjárveiting verði til menningarstarfsemi á Vopnafirði.

Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar að öðru leiti.

Fleira ekki gert og sleit oddviti fundi og þakkaði hann fundarmönnum góða fundarsetu.

